

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið eftirtaldar breytingar á umferð um Vesturgötu:

1. Einstefna verður á Vesturgötu til vesturs, milli Garðastrætis og Ægisgötu.
2. Á Vesturgötu verður stöðvunarskylda fyrir umferð um Ægisgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. maí 2006.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2006